

LÖG FORELDRAFÉLAGS URRÍÐAHOLTSSKÓLA

1.gr.

Félagið er foreldrafélag Urriðaholtsskóla í Garðabæ. Félagar skulu teljast allir forráðamenn nemenda skólans.

2.gr.

Markmið félagsins er að:

- vera samstarfsvettvangur foreldra sem eiga börn í skólanum;
- efla og tryggja gott samstarf foreldra, stjórnenda og starfsfólks skólans.
- styðja heimili og skóla við að skapa nemendum góð uppeldis- og menntunarskilyrði.
- koma á framfærum sjónarmiðum foreldra varðandi skóla- og uppeldismál.
- uppfylla kröfur laga um leikskóla nr. 90/2008 og grunnskóla nr. 91/2008.

3.gr.

Félagið hyggst vinna að markmiðum sínum og ná fram tilgangi sínum með því m.a. að:

- skipuleggja og halda utan um starf hvers heimasvæðis fyrir sig.
- koma á umræðu-, fræðslu- og kynningafundum um uppeldis- og skólamál.
- standa fyrir og styðja við upplýsingamiðlun skólans til foreldra m.a. með virku upplýsingaflæði í gegnum heimasíðu skólans. Þar skulu jafnframt birtar fundargerðir félagsins og annað það sem varðar viðgang og vöxt þess.
- veita stjórnendum skólans og skólayfirvöldum lið, til þess að aðstæður til náms og félagslegra starfa verði eins góðar og kostur er.
- styðja og efla hverja þá starfsemi sem kann að stuðla að auknum þroska og menningu skólans.
- stuðla að, eftir því sem við á, samstarfi við önnur foreldrafélag, landssamtök foreldra og nefndir og ráð á vegum bæjarfélagsins.

4.gr.

Stjórn félagsins skal skipa tveimur foreldrum/forráðamönnum frá hverju skólastigi, í upphafi þó þrjá af hvoru skólastigi þar sem einungis eru tvö skólastig á fyrsta starfsári þess. Á síðasta fundi hvers starfsárs skal kanna meðal kjörinna fulltrúa hverjir hyggjast gefa kost á sér til áframhaldandi setu í foreldrafélaginu. Að hausti skal leita eftir framboðum eftir því sem þurfa þykir. Fulltrúar geta gefið kost á sér til áframhaldandi setu, en leitast skal eftir eðlilegri endurnýjun í stjórnina – þó þannig að ekki sé skipt um meira en 2/3 stjórnarmanna hverju sinni. Stjórnin skiptir með sér verkum. Auk formanns skal stjórnin kjósa, varaformann, ritara og gjaldkera, aðrir eru meðstjórnendur.

5.gr.

Stjórn félagsins skal skipa eitt foreldri af hverju skólastigi í skólaráð til tveggja ára í senn skv. 11 gr. laga um leikskóla nr. 90/2008 og 8 gr. laga um grunnskóla nr. 91/2008. Skal skipa 2 fulltrúa annað hvert ár. Í fyrsta skipti skulu 3 fulltrúar skipaðir þar af einn í eitt ár.

6.gr.

Hlutverk skólaráðs er samkvæmt lögum samráðsvettvangur skólastjóra og skólasamfélags um skólahald. Skólaráð tekur þátt í stefnumörkun fyrir skólann og mótun sérkenna hans. Skólaráð fjallar um skólanámskrá skólans, árlega starfsáætlun, rekstraráætlun og aðrar áætlanir um skólastarfið. Skólaráð skal fá til umsagnar áætlanir um fyrirhugaðar meiri háttar breytingar á skólahaldi og starfsemi skóla áður en endanleg ákvörðun um þær er teknar. Skólaráð fylgist almennt með öryggi, aðbúnaði og almennri velferð nemenda. Skólanefnd, sbr. 6. gr., getur með samþykki sveitarstjórnar falið skólaráðum einstakra skóla ákveðin verkefni þessu til viðbótar.

7.gr.

Aðalfundur félagsins skal haldinn fyrir lok septembermánaðar ár hvert. Stjórnin boðar til fundarins í samstarfi við skólaráð og skólastjóra og skal fundurinn auglýstur með a.m.k. viku fyrirvara. Aðalfundur telst löglegur ef löglega er til hans boðað – með auglýsingum í

skólanum, á heimasíðu skólans eða sérstökum tilkynningum til foreldra. Í fundarboði skal jafnan greina efni fundarins. Það skal almennt vera:

- Kosning fundarstjóra og fundarritara.
- Skýrsla stjórnar.
- Skýrslur nefnda.
- Lagabreytingar.
- Reikningar félagsins lagðir fram til samþykktar.
- Kosning fulltrúa í stjórn foreldrafélagsins.
- Kosning tveggja skoðunarmanna reikninga.
- Skýrsla skólaráðs.
- Kosning fulltrúa í skólaráð.
- Önnur mál.

8.gr.

Stjórn foreldrafélagsins getur skipað nefndir um sérstök, afmörkuð verkefni. Stjórnin skal bera ábyrgð á störfum slíkra nefnda.

9.gr.

Stjórn foreldrafélagsins skal koma saman eigi sjaldnar en þrisvar á hverju skólaári og oftari ef þurfa þykir. Fyrsti fundur skal haldinn í upphafi hvers skólaárs. Þar skulu rædd mál sem varða markmið og starf foreldrafélagsins, starf foreldra í einstökum heimasvæðum og verkefni foreldraráðs.

10.gr.

Stjórn foreldrafélagsins tekur ekki til afgreiðslu né umfjöllunar vandamál sem upp kunna að koma á milli einstakra foreldra og starfsmanna skólans.

11.gr.

Stjórn félagsins er heimilt að óska eftir því að foreldrar greiði framlag til félagsins, einu sinni á hvorri önn. Skal foreldrum kynnt þessi gjaldtaka. Fjárhæð gjaldsins skal ákveðin á aðalfundi félagsins.

12.gr.

Ákvörðun um slit félagsins verður tekin með einföldum meirihluta á stjórnarfundum. Skulu þá allar eignir félagsins renna til skólans.

13.gr.

Lögum þessum má breyta með einföldum meirihluta á aðalfundi félagsins, enda sé lagabreytinga réttilega getið í fundarboði aðalfundar, bæði að efni og innihaldi.

14.gr.

Lög þessi taka þegar skulu gilda frá og með hausti 2018